

Miðvikudaginn 5. maí 1937.

Nr. 15/1937. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)

gegn

Gunnari Ingimundarsyni

(Eggert Claessen).

Brot gegn áfengislögunum og bifreiðalögunum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 15. des. 1936: Kærður, Gunnar Ingimundarson, greiði 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað hennar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal æfilangt sviptur leyfi til að stýra bifreið.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með eigin játningu kærða og öðrum gögnum máls þessa er það sannað, að hann hefir hinn 13. des. f. á. ekið bifreið undir áhrifum áfengis. Með þessum verknaði hefir hann gerzt sekur um brot á ákvæðum 3. mgr. 5. gr. laga um notkun bifreiða nr. 70/1931 og 21. gr. áfengisлага nr. 33/1935. Með dómi þessa réttar, uppkveðnum 28. f. m., var kærði dæmdur í refsingu fyrir samskonar brot, og þá sviptur ökuskirteini í þrjá mánuði. Með tilliti til þessa ákveðst refsing kærða fyrir brot það, sem hann er sakaður um í máli þessu, samkvæmt 14. gr. bifreiðalaganna og 39. gr. áfengislaganna, 100 króna sekt til rikissjóðs, og komi í stað hennar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, einfalt fangelsi í 7 daga. Svo ber og að staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuskirteinis æfilangt og um greiðslu málskostnaðar í héraði. Kærða ber að greiða allan á-

frýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Við rannsókn málsins er það að athuga, að þrátt fyrir það, þótt lögreglan hlutaðist til um, að blóð væri tekið úr kærða til rannsóknar, hefir blóðrannsóknin ekki verið framkvæmd, og að maður sá, sem kærði tjáði, að hefði veitt sér áfengi, er kærði kom heim til hans í bifreið sinni, hefir ekki verið yfirheyrður um áfengisneyzlu kærða í þetta skipti, né rannsakað, svo séð verði, hvort maður þessi hefir ekki, með því að veita kærða áfengi, gerzt sekur um brot á 3. mgr. 21. gr. áfengislaganna.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Gunnar Ingimundarson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sviptingu ökuskirteinis og greiðslu sakarkostnaðar í héraði eiga að vera óröskuð. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Garðars Þorsteinssonar og Eggerts Claessen, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn

Gunnari Ingimundarsyni, bifreiðastjóra, til heimilis í Brautarholti á Stokkseyri í Árnessýslu, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33, 9. jan. 1935 og lögum nr. 70, 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Með játningu kærðs er það sannað, að hann í ölvunar-ástandi ók vörubifreið sinni, Á.R. 81, frá húsinu nr. 35 við Bárugötu hér í bænum að bifreiðastöðinni Bifröst að kvöldi sunnudagsins 13. þ. m., og ók hann bifreið sinni á aðra bifreið, er þar stóð kyrr.

Með þessu hefir kærður gerzt brotlegur við 21. sbr. 39. grein áfengislaga nr. 33, 9. janúar 1935 og 5. gr. sbr. 14. gr. laga nr. 70, 8. september 1931 um notkun bifreiða.

Kærður var í lögreglurétti Árnessýslu þann 17. september síðastliðinn dæmdur í 200 króna sekt og sviptur leyfi til að stýra bifreið í þrjá mánuði fyrir að aka bifreið ölvaður.

Með tilliti til þessa þykir refsing kærðs fyrir það brot, er hér liggur fyrir, hæfilega ákveðin 200 króna sekt til rikissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 15 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Svo ber og að svipta hann æfilangt leyfi til að stýra bifreið. Hann ber að skylda til að greiða allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Rekstur máls þessa hefir verið vitalaus.

Miðvikudaginn 5. maí 1937.

Nr. 117/1936. **Ólafur Jónsson f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co.**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

Ásu Magnúsdóttur f. h. Þórunnar E. Andrésdóttur (Garðar Þorsteinsson).

Telpu, er örkuð hlaut í bílslysi, dæmdar bætur.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 24. júlí 1936: Stefndur, Ólafur Jónsson f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co., greiði stefnandanum, Ásu Magnúsdóttur f. h. Þór-